



H. A. Thomsen

Bjarni Benediktsson – H. A. Thomsen

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-5, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Österbrogade 1 13. april 34
KJÖBENHAVN Ö

Herra prof. juris
Bjarni Benediktsson,
REYKJAVÍK.

Þakka yður fyrir háttvirt brjef frá 21. febr.
Sökum skriflegs prófs hefi jeg ekki mátt vera að svara því
fyr en núna.

Ekki skal jeg neita því, að mjer brugðust að nokkru
leyti vonir. Jeg vissi það, að engin bein undanþáguheimild
var til, en jeg hafði satt að segja vonast eftir að geta lesið
annað á milli línanna, en raun varð á.

Jeg hefi oft heyrt fundið að því heima, að landar
ytra týndu niður málinu og glötuðu þjóðerni sínu. Og það er
nokkuð til í því, að "Jeppi drekki", - en hvers vegna? Jeg
hefi margoft rætt þetta mál við landa hjer og annars staðar
í heiminum, sem vilja halda tryggð við landið sitt og leggja
mikið á sig þess vegna (þjer megið vera viss um, að það eru
engin meðmæli hjer t.d. að vera Íslendingur og kannast við það)
og reynslan er alls staðar sú sama: Sá sem hefir verið ytra
nokkur ár, er landrákur. Jeg veit um mörg önnur lönd, sem
hvetja sína þegna erlendis til að halda tryggð við landið, og
styðja þá til þess "kulturelt", og skyldi maður þó halda, að
jafn afskekt land og Ísland einmitt myndi gera það. En það er
nú ekki, og það verður að sætta sig við. Jeg bið yður að mis-
skilja þetta nú ekki á þann veg, að jeg sje að lasta yður per-
sónulega. Jeg veit ósköp vel, að þjer getið ekki af þessu gert,
þetta hefir verið venja í mörg ár, og jeg hefði átt að vita það
áður en jeg skrifaði. En manni sárnar það bara svolítið í hvert
skifti, sem maður rekur sig á það.

Jeg sje það, að jeg muni ekki geta átt við þetta
próf í ár, en ekki gefst jeg alveg upp við það. Erindi mitt er
að biðja yður að senda mjer reglugerðina um prófið og -ef hann
er til- lista yfir "pensum", svo jeg geti byrjað að að lesa
hjerna fyrst um sinn. Jeg átla hvort sem er að setjast að hjer,
því að jeg þoli illa loftslagið heima, svo það er engu fyrir-
gert með því að taka fulltrúaárin núna.

Bið yður nú að fyrirgefa þetta jam, og reiðast ekki,
þó að mjer hafi orðið á að segja það, sem mjer ber í brjósti.
Með bestu kveðju



Skjala 21. febr. '34.

Österbrogade 1 27. jan. 1934
KJÖBENHAVN Ö

LESIB UNDIR LAGAPRÓF VIÐ HAFNAR HÁSKÓLA

I

Munch Petersen:	Den borgerlige Ret	lesnar um	400	bls
Knud Berlin:	Den danske Statsforfatningsret IGII	"	"	700 "
"	"	Den Dansk-Islandske Forbundslov	"	" 100 "
"	"	Udsigt o. Forf.-Udviklingen i fr.Lande	"	" 150 "
Poul Andersen:	Hovedpunkter af Forvaltningsretten I	"	"	250 "
"	"	Næringsretten i Hovedtræk	"	" 100 "
Axel Möller:	Folkeretten I-II	"	"	450 "
T Ely:	Nationalökonomien i Grundtræk	"	"	450 "
Jens Warming:	Danmarks Erhvervs og Samfundsliv	"	"	400 "
Riis Magnussen	Bogholderi	"	"	250 "

II

Viggo Benzon:	Den danske Arveret	lesnar um	350	bls
"	"	Personretten	"	" 150 "
"	"	Familieretten I-II	"	" 450 "
O. A. Borum:	Lovkonflikter	"	"	150 "
O. H. Krabbe:	Borgerlig Straffelov	"	"	400 "
"	"	Forbrydelser og Straf	"	" 80 "
Carl Torp:	Den danske Strafferets alm. Del	"	"	400 "
Goos:	Presseforbrydelser	"	"	30 "
Jul. Lassen	Lærebog i romersk Privatret	"	"	300 "
Drachmann & Federspiel	Romerske Retskilder	"	"	250 "
Henry Ussing:	Tillæg til Romerretten	"	"	60 "
"	"	Til Myndighedslovens Fortolkning	"	" 20 "

III

Vinding Kruse:	Ejendomsretten I-V	lesnar u	1700	"
Henry Ussing:	Aftaler	"	"	275 "
Lassen/Ussing:	Obligationsrettens spec. Del I	"	"	250 "
Jul. Lassen:	Haandbog i Obl. retten alm. Del	"	"	600 "
"	"	Obligationsrettens spec. Del	"	" 500 "
L. A. Grundtvig:	Den danske Söret	"	"	200 "
K. Sindballe:	Den danske Selskabsret I-III	"	"	500 "
Munch Petersen:	Den danske Retspleje	"	"	1300 "

-----i-----
alls lesnar um 11.210 bls

NB. Rjettarsögu hefi jeg ekki lesið, þaröð mönnum er heimilt að kjósa á milli rjettarsögu og rómarrjettar.

Österbrogade 1 27. jan. 34
KJÖBENHAVN Ø



TRÚNAÐARMÁL

Herra prof. juris
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Þegar þjer voruð í Höfn, fyrir nokkru, áttum við eitt sinn samtál um skilyrðin fyrir að taka lagapróf heima eftir lagapróf hjer, en það er efni þessa brjefs.

Jeg hefi nýlega lokið 2. hluta með samilegri 1. einkun, og er nú að hugsa um að hætta á lokapróf í vor. En mjer finnst óviðkunnanlegt að hafa erlent, en ekki íslenskt embættispróf, og mig langar því til að taka próf í lögum við háskólann heima líka.

Hinsvegar get jeg ekki lagt það á mig að byrja alveg uppá nýjan leik. Er líka orðinn of gamall til þess, og má ekki við að verja nema einu ári til þess ýmsra annara hluta vegna.

Nú er mestalt af því, sem gefið er upp, það sama á báðum stöðum. Það eina, sem er verulega frábrugðið, er rjettarfar, refsirjettur og stjórnskipun. Væri ekki hægt að fá undanþágu frá hinum námsgreinunum, eða yfirfæra einkunnirnar?

Auðvitað mætti segja, að fyrst það sje eins, sje lítil vandí að taka próf í því aftur. En það vita allir, að það er tvent ólíkt að kunna eitthvað, og að taka próf í því. Jeg hefi tekið þetta próf í hjáverkum á nærri hálfum venjulegum tíma. Er því afar slitinn, og mundi gugna við að læra allt "pensum" upp aftur uppá §, jafnvel með breyttum tölum og breytttri "terminologi".

Til samanburðar get jeg bent yður á, að íslenskir læknar, sem hingað koma, og sem verða að taka danskt próf uppá jus practicandi (t.d. Skúli Guðjónsson og Sigurður Sigurðsson), sleppa við þær námsgreinar, sem eru kendar eins á báðum stöðum. Mjer er kunnugt um að einn maður með danskt lagapróf fjekk jus practicandi heima með lögum (og án þess að taka próf yfir höfuð), en þá leið kæri jeg mig ekki um að fara.

Jeg leyfi mjer að senda yður lista yfir það, sem lært er hjer, til samanburðar, og er það bön mín, að þjer sýnið embættisbræðrum yðar listann og þetta brjef privatissime, og látið mig svo vita, hvort hægt sje að framkvæma það, sem jeg fer fram á, eða eitthvað líkt því.

Sömu leiðis þætti mjer afar vant um að fá að vita, hvort jeg geti gert mjer von um nokkurn styrk eða aðrar tekjur frá háskólanum (t.d. fyrirlestra um eitthvað, sem ekki er lesið heima. Kenningar Vinding Kruse e.l.)

Bið yður nú að fyrirgefa allt ónæðið, og þakka fyrirfram fyrir fljótt svar.

Kær kveðja. Virðingarfyllst